



Sveitarstjórnarfundur 4-2024
Skagabúð 03.mái 2024 kl 12:00

Mætt voru: Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Bjarney Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson og Elín Anna Rafnsdóttir sem 1. varamaður í stað Vignis Sveinssonar sem boðaði forföll. Erla setti fundinn og stjórnáði honum og Bjarney ritaði fundargerð. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur 2023 - fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2023, Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi sveitarfélagsins kom inn á fundinn í gegnum Teams og kynnti ársreikninginn. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.

2. Sameiningarmál

• **Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar**

Fyrir fundinum lá skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar.

Í janúar 2024 samþykktu sveitarstjórnir Húnabyggðar og Skagabyggðar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Samstarfsnefndin hefur skilað álitinu sínu til sveitarstjórna með skilabréfi dags. 30. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.

Samstarfsnefndin kom saman á þremur bókuðum fundum, en nefndarmenn höfðu áður skipað verkefnahóp sem falið var að skoða möguleika á sameiningu sveitarfélaganna.

Það er álit samstarfsnefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna. Jafnframt leggur nefndin til að samstarfsnefndinni verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir að atkvæðagreiðsla um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar fari fram í samræmi við tillögur samstarfsnefndarinnar, sbr. bókun síðar á fundinum, og felur samstarfsnefndinni að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum.

Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur undir mat samstarfsnefndar, að undangengnu ítarlegu samráði og greiningu samstarfsnefndar, að það væri framfaraskref að sameina sveitarfélögin í eitt sveitarfélag. Þannig verður til öflugt sveitarfélag með aukinn slagkraft, sterkari rekstrargrundvöll og tækifæri til að bæta þjónustu við íbúa.

Samþykkt samhljóða.

• **Skipun sameiginlegrar kjörstjórnar vegna atkvæðagreiðslu um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar**

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga skulu viðkomandi sveitarstjórnir sem stefna að sameiningu kjósa fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn eftir nánara samkomulagi þeirra. Miða skal við að hvert sveitarfélag hafi a.m.k. einn fulltrúa í kjörstjórn og að fjöldi nefndarmanna sé oddatala.

Gert er ráð fyrir að kjörstjórn verði skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu koma úr Húnabyggð og einn fulltrúi og einn til vara frá Skagabyggð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Bjarney Jónsdóttir verði aðalmaður og Kolbrún Ágústa Guðnadóttir varamaður í sameiginlegri kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningu í júní 2024, sbr. 5 gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.



- **Kosning um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar**

Tillaga samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Húnabyggðar og Skagabyggðar er að kosning um sameiningu sveitarfélaganna fari fram á tímabilinu 8. júní 2024 til 22. júní 2024. Einnig leggur samstarfsnefndin til að fyrirbyggjandi drög að kjörseðli verði samþykkt og að sameiginlegri kjörstjórn verði falið að ákveða staðsetningu og fjölda kjörstaða, skiptingu í kjördeildir og opnunartíma kjörstaða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu samstarfsnefndarinnar varðandi framkvæmd kosninga um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar. Jafnframt er samþykkt samhljóða að kosningaaldur miðist við 16 ár.

3. Hnitsetning jarða í Skagabyggð

Fyrir fundinum lá listi yfir þá sem höfðu lýst áhuga á að vera með í verkefninu. Oddvita er falið að finna aðila sem gæti farið á landamerki með bændum.

4. Kálfshamarsvík

Fyrir fundinum lá ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Skagabyggð sendi tvær umsóknir, annars vegar vegna "Hönnunar á Kálfshamarsvíkursvæðinu" og hins vegar "Verndun Kálfshamarsvíkur" Skagabyggð var aðeins úthlutað til hluta verkefnisins "Verndun Kálfshamarsvíkur" eða 3.600.000 kr í stað 6.731.500 sem sótt var um.

Sveitarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með úthlutunina og lýsir furðu sinni á tilgangi með gerð og uppfærslu á áfangastaðaáætlunar en hún er unnin af Ferðamálastofu og Markaðsstofu Norðurlands og samkvæmt henni er áfangastaðurinn Kálfshamarsvík efst á forgangsverkefnalista fyrir Húnavatnssýslurnar. Afstöðu til verkefnisins er frestað.

Oddvita er falið að koma skoðun okkar á framfæri við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

5. Kjör fulltrúa sveitarstjórnar vegna fundarsetu utan nefnda svf.

Lagt er til að fyrir hvern fund fái aðilar sem skipaðir eru á vegum sveitarstjórnar Skagabyggðar til þess að taka þátt í fundum á vegum Skagabyggðar greidda þóknun sem nemur 1% af þingfararkaupi, að viðbættum akstri.

Samþykkt samhljóða

6. Samningar um lögbundin verkefni

Sveitarstjórn Skagabyggðar sagði upp samstarfssamningi við Sveitarfélagið Skagaströnd í nóvember 2023 og mun samningurinn renna út 31. maí 2024. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að óska eftir framlengingu á samningi við Sveitarfélagið Skagaströnd til 1. ágúst 2024.

7. Önnur mál

Umræða var um varmadæluvæðingu í sveitarfélaginu, beðið er eftir niðurstöðum matsmanna.

Fleira var ekki tekið fyrir undir öðrum málum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 14:10

Kristján Steinar Kristjánsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Elín Anna Rafnsdóttir